**Ed.** **338. Frumvarp til laga** [236. mál]

um Héraðsskóga.

(Lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði.

Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Kostnaður við starfsemi Héraðsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Fljótsdalshéraði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Héraðsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

3. gr.

Gera skal sérstaka áætlun, Héraðsskógaáætlun, um nýtingu þess lands á Fljótsdals-

héraði sem er vel fallið til skógræktar. Áætlunin skal ná yfir 40 ár, skipt í 10 ára tímabil, og taka til allt að 15.000 ha lands.

Gera skal samninga, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, við alla þátttakendur í Héraðsskógum. Samningarnir skulu taka til afmörkunar lands sem tekið er undir ræktun í hverju tilviki, kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 90% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 70% á eyðijörðum. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins.

5. gr.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu allt að 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá skógarhöggi varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Af hreinum hagnaði skulu 15% greidd í ríkissjóð og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Undanþegin ákvæðum 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins og verði hagnaður af fyrstu grisjun skal hann renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Ábúendur jarða, sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Héraðsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á þeim jörðum er þeir sitja. Forgang að annarri vinnu á vegum Héraðsskóga skulu þeir bændur hafa sem láta af sauðfjárrækt samhliða aðild sinni að Héraðsskógum. Að þeim frágengnum hafa aðrir bændur, sem aðild eiga að Héraðsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

Þá skulu ábúendur jarða, sem aðild eiga að Héraðsskógum, eftir því sem við verður komið, hafa forgang að vinnu sem tengist skógræktinni, svo sem ýmiss konar þjónustustörfum eða úrvinnslu úr afurðum skóganna.

Þá skulu þær jarðir, þar sem sauðfjárbúskapur dregst verulega saman eða er lagður niður, hafa forgang að verkefninu umfram aðrar jarðir.

Ef gerðir eru samningar milli ríkisvaldsins og sauðfjárbænda, sem aðild eiga að verkefninu, um að láta af sauðfjárrækt eða draga hana verulega saman til lengri tíma skulu slíkir bændur og jarðir þeirra hafa forgang að vinnu og þátttöku í verkefninu.

7. gr.

Stjórn Héraðsskóga eða framkvæmdastjóri í umboði hennar annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir Héraðsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrsla og ársreikningar Héraðsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af land-

búnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Héraðsskóga skal birta í *Stjórnartíðindum*, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Héraðsskóga eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, eftir því sem við á.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti 11. maí 1988 ályktun þar sem landbúnaðarráðherra er falið að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði og skyldi áætlunin m.a. taka til ræktunar nytjaskóga og viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er. Í ágúst sama ár skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að vinna að framgangi ályktunarinnar og skilaði nefndin skýrslu í nóvember 1988. Hinn 7. mars 1989 skipaði ráðherra síðan verkefnisstjórn um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem tók við af fyrrgreindri nefnd.

Fyrstu tillögur verkefnisstjórnar lágu fyrir í maí og 27. maí 1989 samþykkti ríkisstjórnin eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin ákveður að hrinda í framkvæmd stórátaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði sem miði að því að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum. Á þessu ári verður varið 12 milljónum króna til undirbúningsvinnu og byrjunarframkvæmda, svo sem kortlagningar, áætlanagerðar, undirbúnings plöntuframleiðslu, hirðingar skóglendis og undirbúnings að flutningi aðalstöðva Skógræktar ríkisins.

Stefnt skal að því að frumáætlun um ræktun og kostnað liggi fyrir 1. október nk.“

Þegar fyrrgreind samþykkt lá fyrir var hafist handa við undirbúningsvinnu og nánari tillögugerð af hálfu verkefnisstjórnar, sjá fskj. I. Verkefnisstjóri var ráðinn í ágúst og í september voru tillögur um fyrirkomulag skógræktarátaksins Héraðsskóga kynntar ráðherra og sendar á alla bæi í hreppunum sex sem ætlað er að átakið nái að einhverju leyti til, sjá fskj. II. Frumáætlun um ræktun og kostnað næstu tíu árin var síðan lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis í nóvember. Áætlunin var endurskoðuð í mars 1990, sjá fskj. III. Þá lágu einnig fyrir drög að samningum milli einstakra bænda og Héraðsskóga og byggja þau á því að frumvarp þetta verði að lögum, sjá fskj. IV. Frumvarpið er nær óbreytt frá því sem lagt var fram á síðasta þingi en við hefur bæst starfsskýrsla verkefnisins frá janúar til september 1990, sjá fskj. I B.

Markmiðið með ræktun Héraðsskóga er að rækta, þar sem skilyrði eru til á Fljótsdalshéraði, nytjaskóg, þ.e. skóg sem skilar afurðum í framtíðinni, jafnframt því að bæta aðstæður annarra atvinnugreina og ræktunar og þar með efla atvinnulíf og treysta byggð á Héraði.

Tilgangur sérstakrar lagasetningar um Héraðsskóga er að marka stefnu og heildaráætlun um þetta átaksverkefni í skógrækt. Um er að ræða verkefni sem yrði byggt á lang-

tímasamningum fjölmargra einstaklinga við ríkisvaldið og því nauðsynlegt að umboð þeirra, sem frá málum ganga fyrir hönd ríkisins, sé sem skýrast og einstakir bændur hafi sem öruggastan grunn að byggja á er þeir taka ákvarðanir sem binda nýtingu jarða þeirra í framtíðinni.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin skýrir tilgang og markmið frumvarpsins og skilgreinir hvað Héraðsskógar eru.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um fjármögnun Héraðsskóga og stjórn og hlutverk hennar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að unnin verði 40 ára áætlun um ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skiptist í tíu ára tímabil en af hálfu sérfræðinga Skógræktar ríkisins er lögð áhersla á að heildaráætlun nái til a.m.k. 40 ára þar sem við ræktun nytjaskóga er nauðsynlegt að eðlileg hringrás náist í ræktuninni svo að nýting timburs úr skógunum verði hagkvæm. Gera verður sérstaka áætlun fyrir hverja jörð sem gerist aðili að Héraðsskógum.

Ræktun skóganna er ætlað að byggja á samningum sem hver einstakur eigandi eða ábúandi með samþykki eiganda gerir við Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra staðfestir fyrir hönd ríkisins. Tekin eru fram helstu atriði sem nauðsynlegt er að fram komi í samningunum. Samningarnir mega í heild ná til ræktunar 15.000 ha lands á 40 ára tímabili og takmarkast heimild landbúnaðarráðherra til staðfestingar samninga við þá landstærð.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um þann kostnað við Héraðsskóga sem greiðast skal úr ríkissjóði. Annars vegar er um að ræða almennan rekstrarkostnað, þ.e. undirbúning verkefnisins og síðan rekstur og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Gera verður ráð fyrir að til að byrja með verði um nokkurn undirbúningskostnað að ræða meðan verkefnið er að komast á skrið, t.d. vegna gagnasöfnunar, þróunarvinnu og áætlanagerðar. Af föstum starfsmönnum er fyrst og fremst reiknað með framkvæmdastjóra, en þar sem gert er ráð fyrir að Héraðsskógar hafi ætíð í sinni þjónustu skógfræðimenntaðan mann gæti komið til þess að um tvo starfsmenn yrði að ræða. Ljóst er að þörf fyrir faglega aðstoð við bændur verður umtalsverð fyrst um sinn á meðan verkþekking í þessari nýju búgrein er að eflast. Erfiðara er að spá um framhaldið en það getur m.a. ráðist af þróun í úrvinnslu afurða skóganna.

Hins vegar er tekið fram að skógrækt á jörðum, sem eru í ábúð, verði greidd 90% úr ríkissjóði, en 70% kostnaðar við skógrækt á eyðijörðum. Ljóst er að bændur á þessu svæði hafa fæstir bolmagn til þess að leggja af takmörkuðum launum sínum í fjárfestingu sem ekki er að vænta að skili arði í búskapartíð þeirra. Margir hverjir hafa engan eða mjög lítinn fullvirðisrétt til sauðfjár- eða mjólkurframleiðslu og þurfa því á öðrum verkefnum að halda sem skila reglubundum tekjum.

Á eyðijörðum er aftur á móti ekki talin ástæða til meira en 70% fjármögnunar af hálfu ríkissjóðs þar sem eigendur þeirra hafa væntanlega sínar tekjur annars staðar og ekki er

um það að ræða að verið sé að gera mönnum kleift að halda jörðum í byggð. Engu að síður er mikilvægt að eyðijarðir, einkum þær sem falla innan samfelldra skógræktarsvæða, séu þátttakendur í ræktuninni til þess að jaðaráhrif verði í lágmarki auk þess sem ætla má að í mörgum tilfellum skapi ræktun þar atvinnu fyrir bændur.

Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að um sé að ræða samþykktan kostnað, þ.e. kostnað sem byggir á mati Héraðsskóga og Skógræktar ríkisins á eðlilegum útgjöldum við einstaka ræktunarþætti og samþykkt hefur verið af landbúnaðarráðuneytinu. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir að vinna við skógræktina verði greidd samkvæmt kjarasamningum ASÍ. Gert er ráð fyrir að ræktunarkostnaður verði greiddur af Héraðsskógum þar til fyrstu grisjun hvers ræktunaráfanga er lokið.

Um 5. gr.

Í greininni er sagt fyrir um hvernig fara skuli með tekjur af skógunum eftir að fyrstu grisjun er lokið. Gert er ráð fyrir að hver jörð hafi sérstakan sjóð eða endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga og þeim fjármunum, sem þangað koma, verði varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Eins og sakir standa er ekki reiknað með að fyrsta grisjun skóganna skili tekjum umfram gjöld, en fari svo er þeim hagnaði ætlað að renna óskiptum á endurnýjunarreikning jarðarinnar. Þegar að síðari grisjunum og skógarhöggi kemur skulu allt að 5% af heildarframleiðsluverðmæti lögð á endurnýjunarreikninginn. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma. Verði um að ræða tekjuafgang að öllum kostnaði greiddum skulu 15% af honum greidd til ríkissjóðs. Því fé, sem fellur til ríkissjóðs með þessum hætti, skal varið til ræktunar nýrra skóga á Íslandi.

Ógerlegt er að segja fyrir um framtíðararðsemi væntanlegra Héraðsskóga, þar verður einungis byggt á líkum. Nokkrar tilraunir hafa þó verið gerðar til þess að meta arðsemi íslenskrar nytjaskógræktar. Má þar nefna grein Baldurs Þorsteinssonar frá 1968, „Útreikningur á kapítalverðmæti lerkis", sem gefur til kynna 4–6% arðsemi og einnig skýrslu Einars Gunnarssonar og Ragnars Árnasonar til landbúnaðarráðuneytisins í janúar 1987, en þar eru innri vextir fjárfestingar í greni- og asparskógi áætlaðir 2–3%. Sjá einnig töflu 7.5. í viðauka 1 um vaxtargetu skógræktarsvæðis á Fljótsdalshéraði.

Um 6. gr.

Þessi grein kveður á um forgang að vinnu við Héraðsskóga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ábúendur jarða eigi alltaf forgang að þeirri vinnu sem í boði er á jörðinni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að vinna, sem ábúendur nýta sér ekki sjálfir, standi fyrst til boða þeim bændum sem hætta sauðfjárrækt samhliða því að þeir gerast þátttakendur í Héraðsskógum. Að þessum tveimur atriðum uppfylltum skulu aðrir bændur, sem gert hafa ræktunarsamninga við Héraðsskóga, hafa forgang að vinnu við verkefnið, sem og vinnu sem því tengist, verði því við komið. Þegar um forgang að vinnu er að ræða er gert ráð fyrir að allir þeir, sem lögheimili og búsetu hafa á jörðum sem hér er vísað til, falli undir forgangsákvæðin, en ekki bara skráður ábúandi.

Í þriðja lagi hafa jarðir þær, sem hætta eða draga verulega úr sauðfjárbúskap, möguleika á að njóta forgangs við sjálfa skógræktarframkvæmdina. Þarna gefst bændum og ríkisvaldi svigrúm til samninga um samdrátt í sauðfjárbúskap gegn forgangi við skógræktarframkvæmdir.

Um 7. gr.

Hér kemur fram að Héraðsskógar og Skógrækt ríkisins skulu gera með sér samstarfssamning þar sem aðstoð og faglegar leiðbeiningar og önnur afskipti Skógræktar ríkisins af Héraðsskógum verða ákvarðaðar nánar.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um gerð ársskýrslu og ársreikninga og hvernig með skuli farið.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

**A. Yfirlit um undirbúning verkefnisins.**
(Mars 1989 - mars 1990.)

*Kynning tillagna og könnun á áhuga bænda.*

Í lok ágúst hélt verkefnisstjóri fjóra fundi sem boðaðir voru öllum bændum í Eiða-, Egilsstaða-, Valla-, Skriðdals-, Fljótsdals- og Fellahreppi og kynnti sér þar sjónarmið bænda í þessu máli.

Í lok september voru tillögur um fyrirkomulag Héraðsskóga, sem kynntar höfðu verið landbúnaðarráðherra, sendar á alla bæi í hreppunum sex.

Í nóvember og desember hafði verkefnisstjóri samband við alla bæina, annaðhvort með heimsóknum eða símleiðis, og kannaði áhuga ábúenda á þátttöku í verkefninu. Á um 50 jörðum var lýst áhuga á þátttöku og fyrstu hugmyndir gáfu til kynna að um 3.000 ha lands stæðu til boða.

Samkvæmt könnun verkefnisstjóra nú snemma í mars hafa umráðaaðilar um 80 jarða gefið sig fram til þátttöku í verkefninu og um 5.600 ha lands standa til boða í byrjun.

*Gróðurkortagerð, landamerkjaskráning, birkikönnun.*

Sumarið 1989 fór vinnuflokkur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins um fyrirhugað skógræktarsvæði og safnaði gögnum til þess að gera gróðurkort upp að 300 m hæð yfir sjó. Samhliða þeirri vinnu var á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá gerð könnun á ástandi birkilenda á svæðinu og Gylfi Már Guðbergsson prófessor tók að sér skráningu landamerkja og færði á kort.

Í febrúar 1990 gekk RALA frá gróðurkorti af hluta svæðisins, þar sem m.a. eru færð inn landamerki jarðanna, og kortinu fylgir skrá yfir stærðir lands, flokkaðar eftir jörðum og gróðurlendum. Þar sem örar breytingar hafa orðið á möguleikum RALA til tölvuvinnslu korta á síðustu mánuðum er ætlunin að kort af þeim hluta svæðisins sem eftir er verði tölvuunnin á næstu vikum.

*Áætlana- og kortagerð.*

Í desember 1989 gengu Héraðsskógar frá kaupum á tölvubúnaði til þess að nota við áætlanagerð fyrir verkefnið og færa jafnóðum á kort það land sem plantað er í. Verkefnisstjóri Héraðsskóga og áætlanafulltrúi Skógræktar ríkisins hafa síðan unnið að því að taka þennan búnað í notkun en hann er grundvöllurinn að áætlanagerð fyrir einstakar jarðir, ásamt gróðurkortunum.

*Plöntuframleiðsla.*

Grunnforsenda þess að Héraðsskógar vaxi upp er að til verði nógar plöntur. Sumarið 1989 kannaði og ræddi verkefnisstjórn ýmsa möguleika til þess að afla plantna. Fyrir lá að ef aðstaða til plöntuframleiðslu yrði ekki bætt fyrir vorið 1990 stæðu Héraðsskógum vart til boða sumarið 1991 aðrar plöntur en hægt er að framleiða við núverandi aðstæður á Hallormsstað, sem eru 400–500 þúsund stk. Niðurstaða verkefnisstjórnar varð sú að fljótvirkasta og ódýrasta leiðin til þess að auka plöntuframleiðsluna væri að lengja þau tvö gróðurhús sem nú eru notuð til framleiðslu á Hallormsstað. Í ljósi þess var ákveðið að Héraðsskógar greiddu 730.000 kr. sem fyrstu greiðslu fyrir væntanlegar plöntur frá Hallormsstað, svo hægt væri að ganga þar frá sökklum fyrir veturinn og húsin yrðu síðan lengd vorið 1990.

Frekari aukning plöntuframleiðslu á Héraði hefur ekki verið ákveðin en verið er að kanna eftirfarandi möguleika:

a. Byggja eina plöntustöð sem framleiði u.þ.b. 1 milljón fræplantna á ári.
b. Byggja gróðurhús á nokkrum bændabýlum og framleiða þar plöntur upp af fræi og/eða græðlingum (ösp).
c. Breyta loðdýrahúsum í gróðurhús og nota, sbr. b.

Af hálfu verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á að viðbótarframleiðsla plantna verði eftir því sem við verður komið í eigu og rekstri bænda.

*Hirðing skóglendis.*

Í október til desember 1989 vann 10 manna flokkur á vegum Héraðsskóga að grisjun skóga sem fyrir eru. Verkið hófst með námskeiði í grisjun á Hallormsstað og auk vinnuflokksins tóku þátt í því nokkrir skógarbændur úr Fljótsdal. Allir þátttakendur í grisjuninni eru búsettir á bæjum á fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

*Starf verkefnisstjórnar.*

Verkefnisstjórn hefur haldið 13 bókaða fundi auk fjölmargra vinnufunda einstakra stjórnarmanna. Einnig hefur stjórnin öll eða einstakir meðlimir hennar fundað með ýmsum aðilum, svo sem sérfræðingum sem haft hefur verið samstarf við og stjórn Félags skógarbænda á Héraði.

**„Ársreikningur" 1989.**

1. GRISJUN

| | |
|---|---|
| Sagir, hlífðarfatnaður, keðjur, þjalir o.fl. | 1.161.456 |
| Stofnkostnaður samtals | 1.161.456 |
| Rekstur véla | 251.499 |
| Laun og launatengd gjöld | 1.760.000 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2.011.499 |
| Stofnkostnaður | 1.161.456 |
| Rekstrarkostnaður | 2.011.499 |
| Framhald grisjunar | 1.347.045 |
| Samtals | 4.520.000 |

2. GRÓÐURKORT

| | |
|---|---|
| Kostnaður vegna vinnu RALA | 2.000.000 |
| Kostnaður vegna landamerkja | 113.000 |
| Samtals | 2.113.000 |

3. STÆKKUN GRÓÐURHÚSS Á HALLORMSSTAÐ

| | |
|---|---|
| Stofnkostnaður | 730.000 |
| Samtals | 730.000 |

4. FLUTNINGUR AÐALSTÖÐVA

| | |
|---|---|
| Framlag til flutnings | 1.250.000 |
| Samtals | 1.250.000 |

5. STJÓRNUN

| | |
|---|---|
| Tölva | 879.256 |
| Stofnkostnaður samtals | 879.256 |
| Laun og launatengd gjöld | 718.859 |
| Rekstrarkostnaður annað | 240.266 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 959.125 |
| Stofnkostnaður | 879.256 |
| Rekstrarkostnaður | 959.125 |
| Samtals stjórnun | 1.838.381 |

| | |
|---|---|
| Samtals kr. af fjárlögum 1989 | 10.451.381 |

**B. Starfsskýrsla Héraðsskóga.**
(1. jan. til 1. okt. 1990.)

*Frumvarp til laga um héraðsskóga.*

Gerð var heildarskógræktaráætlun fyrir efri hluta Fljótsdalshéraðs.Til þess voru notuð gögn frá RALA. Í þeim gögnum voru gróðurkort með flatarmáli hverrar jarðar og landgerða innan þeirra. Þessi áætlun var notuð sem grunnur fyrir frumvarp til laga um Héraðsskóga.

*Áætlanagerð.*

Áætlanadeild Skógræktar ríkisins hóf undirbúning að gerð ræktunaráætlana á 13 jörðum er voru samliggjandi á þrem stöðum, og lýkur því verki í vetur. Hafin verður gerð fleiri ræktunaráætlana vorið 1991.

Starfar einn maður að jafnaði við áætlanagerð fyrir verkefnið.

*Grisjanir.*

Grisjun og umhirða fór fram á fjórum jörðum. Grisjaður var skógur á aldrinum 15–30 ára. Samsetning skóganna var lerki, greni og birki.

Störfuðu við það tveir menn. Á þrem jörðum voru bændum kennd vinnubrögð við vinnslu girðingarstaura úr afurðum skóganna.

*Gróðursetningar.*

Gróðursett var á um 20 jörðum í þeim sex hreppum sem verkefnið tekur til. Á hverri jörð voru gróðursettar tæpar 10.000 plöntur. Því miður fengust ekki fleiri en 180.000 plöntur og ekki þótti viturlegt að gróðursetja minna en þessar tæpar 10.000 plöntur á jörð. Jarðirnar sem gróðursett var á eru eingöngu jarðir í ábúð og var reynt að úthluta til þeirra sem áður höfðu lagt í eigin kostnað við skógræktarframkvæmdir.

Ábúendur sáu um gróðursetningu á jörðum sínum undir eftirliti og leiðsögn tveggja verkstjóra Héraðsskóga, sem sáu einnig um flutninga á plöntunum.

*Girðingar.*

Girt er á fjórum stöðum. Sameiginleg girðing með sauðfjárveikivörnum í Skriðdal. Sameiginleg girðing fjögurra bæja í Fljótsdal og sameiginleg girðing átta bæja í Fellahreppi.

Í ágúst var samþykkt af bændum í Eiðaþinghá að girt verði ein fjallgirðing sem mun loka af öllu undirlendi hreppsins. Þeir bændur sem hafa búpening munu síðan gæta hans sjálfir. Fyrsti áfangi þeirrar girðingar verður girtur nú í haust. Einnig hafa landeigendur Egilsstaðahrepps samþykkt áþekkar aðgerðir. Þetta gerir kleift að girða sameiginlega af báða hreppana í eina stóra girðingu.

Við girðingaframkvæmdir starfa að jafnaði fjórir menn.

*Gróðrarstöð.*

Þann 29. september 1990 var stofnað almenningshlutafélag um byggingu og rekstur 2000 fermetra gróðrarstöðvar er gæti framleitt helming af þeim plöntum sem verkefnið Héraðsskógar þarf. Fyrirtækið hlaut nafnið Barri hf.

Gróðrarstöðin var boðin út (nema sökkull) og bárust 14 tilboð, þar af 4 innlend og 10 frá 8 löndum. Tilboði Límtrés hf., sem hljóðaði upp á 23.200.000 kr., var tekið. Ef tíð verður góð lýkur uppsetningu hússins um miðjan desember næstkomandi.

Fjármögnun er þannig háttað, að 2.000.000 kr. koma af fjárhagsáætlun Héraðsskóga, 8.000.000 kr. af viðbótarfjárveitingu ríkisstjórnar, 5.500.000 kr. frá Félagi skógarbænda og um 8.000.000 kr. hafa safnast hjá 105 bændum og öðrum aðilum á Austurlandi. Samtals hafa safnast í hlutafé um 23.000.000 kr.

Áætlað er að fyrstu tekjur af plöntuframleiðslu komi haustið 1991. Það ár gera fjárlagatillögur Héraðsskóga ráð fyrir að kaupa 500.000 plöntur af Barra hf. og eftir það ætti hlutafélagið að geta borið sig. Til að koma gróðrarstöðinni upp og í gegnum fyrsta rekstrartímabilið þarf að koma til hlutafé um 15.000.000 kr.

Til að koma ræktun gróðrarstöðvarinnar í sem best lag, og einnig gróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins, er verið að kanna möguleika á að mynda starfshóp sem í yrðu fulltrúar frá Barra hf., Skógrækt ríkisins, Hillershög (gróðrarstöð í Svíþjóð sem hefur sambærilega framleiðslulínu og við fyrirhugum, en mun lengri reynslu) og sérfræðinga á sviði plöntuuppeldis frá Sænska landbúnaðarháskólanum í Garpenberg.

Að undirbúningi starfaði verkefnisstjóri Héraðsskóga. Honum til aðstoðar var skipuð undirbúningsnefnd frá Félagi skógarbænda. Þessi nefnd starfaði af ósérhlífni og á þakkir skildar.

*Samstarf við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá.*

Hugmyndir um samstarf við Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá eru nú til athugunar.

Okkar fyrstu hugmyndir eru að á næsta vori verði skipulögð tilraun með aspir á nokkrum stöðum á Héraðsskógasvæðinu. Skipulag tilraunarinnar yrði í höndum Rannsóknastöðvarinnar að Mógilsá, en Héraðsskógar mundu síðan sjá um framkvæmdir. Á síðasta sumri var gerð tilraun með trjátegundina elri með svipuðu móti. Þórarinn Benedikz, sérfræðingur Rannsóknastöðvarinnar, sá um hönnun, umdæmisfulltrúi Skógræktar ríkisins stjórnaði framkvæmdum og bændur unnu verkin. Með þessu móti mætti halda áfram að taka inn fleiri þætti, stunda síðan rannsóknir samhliða framkvæmdum.

*Fréttabréf.*

Héraðsskógar hófu útgáfu fréttabréfs sem dreift er til bænda. Hafa þrjú tölublöð verið gefin út við góðar undirtektir. Ástæða þessarar útgáfu er fyrst og fremst hversu margir eru þátttakendur að verkefninu. Kostnaður við útgáfu og dreifingu hvers tölublaðs er um 1.500 kr.

*Hreindýr.*

Á síðastliðnum vetri olli ágangur hreindýra á nytjaskógarsvæðið vandamálum. Í framhaldi af því var skipaður starfshópur á vegum umhverfisráðuneytis. Starfshópurinn lauk störfum í lok júlí og skilaði þá skýrslu til umhverfisráðuneytis um fyrirbyggjandi aðgerðir. Hefur ráðuneytið fylgt þeim tillögum hingað til.

Í starfshópnum sátu veiðistjóri og fulltrúar frá Skógrækt ríkisins, Héraðsskógum, Skógræktarfélagi Austurlands, Búnaðarsambandi Austurlands og landbúnaðarráðuneyti.

*Framleiðsla á ösp.*

Verkefnið mun þurfa um 140.000 plöntur af ösp árlega. Kvæmið Kenai Lake hefur verið reynt á Héraði síðan 1944 og er af því góð reynsla. Góð klón verða hraðræktuð til að búa til asparakra hjá bændum. Þeir munu síðan sjá að öllu leyti um skógarplöntuframleiðslu á ösp til verkefnisins.

*Skógræktarbraut.*

Síðastliðinn vetur var skógrækt kennd á einni önn í öldungadeild Menntaskólans á Egilsstöðum. Markmið þeirrar kennslu var að mæta þeim mikla áhuga almennings sem er á því sviði hér á svæðinu. Þátttaka var það góð að yfirvöld skólans sáu ástæðu til að setja upp skógræktarbraut. Á vegum menntamálaráðuneytis er nú að störfum nefnd við að undirbúa skógræktarbraut við skólann er gæti tengst verklegri menntun. Bæði nemendur menntaskólans, bændur og einstaklingar gætu stundað það nám.

Í nefndinni sitja fulltrúar menntamálaráðuneytis, Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.

Helgi Gíslason,
verkefnisstjóri.

**Fylgiskjal II.**

## HÉRAÐSSKÓGAR Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

**Greinargerð send bændum 28. september 1989.**

### 1. AF HVERJU FLJÓTSDALSHÉRAÐ?

Skógrækt á Fljótsdalshéraði á sér langa sögu, ekki aðeins á Hallormsstað, heldur hafa bændaskógar í Fljótsdalsáætlun verið að vaxa þar til nytja þennan og síðasta áratug. Enginn vafi leikur á að aðstæður á Fljótsdalshéraði, samfara nálægð við Hallormsstað, með þeirri ágætu reynslu af skógrækt sem þar er fengin, leiða styrk rök að því að Fljótsdalshérað sé flestum stöðum ákjósanlegra til að hefja skipulagða nytjaskógrækt bænda.

Með þessu er hafin framleiðsla á mikilvægu hráefni og stefnt að fjölbreyttara atvinnu- og mannlífi. En vegna þess ástands sem skapast hefur í atvinnumálum á Fljótsdalshéraði á síðustu árum, einkum í sauðfjárrækt, hefur þörfin fyrir nýjar atvinnugreinar orðið æ brýnni og athygli heimamanna því mjög beinst að nytjaskógrækt sem atvinnu- og tekjugjafa.

Héraðsskógar, en svo hefur verkefni þetta verið nefnt, er því tilboð stjórnvalda til bænda á Fljótsdalshéraði, til að gefa þeim kost á að hefja nytjaskógrækt á jörðum sínum, einkum þeim sem láta af eða draga úr hefðbundinni sauðfjárrækt.

### 2. HAGSMUNAFÉLAG SKÓGARBÆNDA

Þegar hefur verið stofnað Félag skógarbænda á Héraði er hyggst vinna að ræktun nytjaskóga. Samkvæmt könnun sem félagið hefur gengist fyrir hafa um 60 býli þegar lýst áhuga á skógrækt og hluti af þeim stefnir að búháttabreytingum, þ.e. að hverfa frá sauðfjárrækt yfir til skógræktar.

### 3. UNDIRBÚNINGUR HÉRAÐSSKÓGA ÁRIÐ 1989

#### 3.1. Verkefnisstjórn og ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi í maí sl. að hrinda í framkvæmd átaki í ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði. Áætlunin miðar að því að fullnýta skógræktarland þar á næstu 40 árum. Allur undirbúningur hefur verið í höndum verkefnisstjórnar. Í henni eiga sæti eftirtaldir aðilar:

Tilnefnd af Félagi skógarbænda á Héraði, Edda Björnsdóttir, formaður verkefnisstjórnar, tilnefndur af Skógrækt ríkisins, Jón Loftsson skógarvörður, tilnefndur af Byggðastofnun, Kristófer Oliversson skipulagsfræðingur, tilnefndur af Búnaðarsambandi Austurlands, Páll Sigbjörnsson ráðunautur, frá landbúnaðarráðuneytinu, Álfhildur Ólafsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra. Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn Hermann Ottósson.

Verkefnisstjórnin hefur markað eftirfarandi meginlínur í viðræðum við bændur um framgang þessa verkefnis og fyrirkomulag skógræktarátaksins:

**Tillaga verkefnisstjórnar.**

„Verkefnisstjórn stefnir að því að þeim bændum sem afsala sér fullvirðisrétti í sauðfé verði tryggð atvinna við skógrækt eftir því sem umfang verkefnisins gefur tilefni til. Forgangur til vinnu verði veittur með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Þeir bændur sem afsala sér öllum fullvirðisrétti í sauðfé.
2. Þeir bændur sem eru reiðubúnir til að fækka sauðfé verulega og girða af það fé sem þeir halda eftir.
3. Bændur sem hafa fasta búsetu á jörðum sínum.

Tilboðið felist í ofangreindum tillögum um forgang til vinnu, auk þess sem verkefnið greiði 80–100% kostnaðar við skógrækt á jörðum þeirra bænda sem taka þátt í verkefninu og stuðli þannig að verðmætaaukningu jarðanna."

Hér verður að hafa í huga að samkvæmt gildandi lögum um skógrækt, nr. 76/1984, er hámarksstyrkur ríkissjóðs við ræktun nytjaskóga á bújörðum 80% af kostnaði. Í frumvarpi til laga um skógvernd og skógrækt, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er aftur á móti gert ráð fyrir: „Þar sem eigendur samliggjandi landa koma sér saman um að girða land af og rækta á því skóg, eftir samþykktri áætlun, greiðir ríkissjóður allan stofnkostnað að frátöldum kostnaði við girðingar." Tillaga verkefnisstjórnar getur því ekki orðið raunin að óbreyttum lögum en er sett fram þar sem verkefnisstjórnin telur raunhæft að við skógræktarátak á borð við Héraðsskóga greiði ríkissjóður 80% samþykkts kostnaðar við ræktun á eyðijörðum og allt að 100% á jörðum sem eru í ábúð.

Einnig leggur verkefnisstjórn áherslu á að skógurinn verði **eign jarðarinnar og óaðskiljanlegur hluti hennar** en með kvöð um endurnýjun þegar að skógarhöggi kemur. Í því skyni skal taka 3% gjald af heildarsöluverðmæti afurða úr skógunum, sem renni í sérstakan sjóð til að tryggja endurnýjun skóglendisins. Verði hreinn hagnaður af skógræktinni, að greiddum öllum tilkostnaði við skógarhöggið, renni 20% hans til ríkissjóðs sem ráðstafi honum til endurnýjunar skóglendis og ræktunar nýrra skóga. Miða skal við að sá skógur, sem felldur er til nytja, sé endurnýjaður.

Það ber að undirstrika að í tillögunni felst, að búháttabreyting frá sauðfjárframleiðslu til skógræktar á viðkomandi jörð tryggir viðkomandi ábúanda rétt til vinnu við skógræktina eftir því sem umfang verkefnisins gefur tilefni til.

Mikil óvissa ríkir um framtíð fullvirðisréttarins. Hann er í raun aðeins hlutdeild hvers bónda í samningi um það magn af kindakjöti og mjólk sem ríkið hefur ábyrgst að greiða bændum í landinu fullt verð fyrir fram til 31. ágúst 1992. Engin trygging er fyrir að um slíkan samning verði að ræða til frambúðar, né þá hversu mikið magn yrði samið um, en því miður verður að segja að markaðsstaða kindakjöts gefur ekki tilefni til annars en búast við áframhaldandi samdrætti í sauðfjárrækt.

Í ljósi þessa er lagt til að:

Ekki verði um að ræða beinan umreikning fullvirðisréttar til sauðfjárframleiðslu yfir í einhvers konar skógræktarrétt, heldur forgang af því tagi sem að ofan greinir.

## 4. FUNDIR MEÐ BÆNDUM, AÐLÖGUN HÉRAÐSSKÓGA AÐ RÍKJANDI AÐSTÆÐUM

Á tímabilinu 29. ágúst til 1. september sl. hélt verkefnisstjóri fundi með bændum. Tilgangur fundanna var að ræða sem flestar hliðar nytjaskógræktarinnar og fá fram tillögur og áform bænda í þeim sex hreppum sem vænta má að muni hefja skógrækt í einhverjum mæli.

Í stuttu máli er hægt að segja að árangur fundanna var góður, þótt misjafnlega hafi verið mætt. Umræður voru fjörlegar og fjöldi góðra ábendinga kom fram.

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri komu síðan saman til fundar 5. sept. sl. til að ræða og ganga frá tillögum og greinargerð til bænda um Héraðsskóga.

Landbúnaðarráðherra hefur þegar kynnt sér þessa greinargerð og tillögur og lýst sig samþykkan því að þær verði sendar til bænda á Fljótsdalshéraði.

## 5. FJÓRIR 10 ÁRA ÁFANGAR

Lagt er til að verkefninu verði skipt í fjóra samhangandi 10 ára áfanga og verði fyrir hönd Héraðsskóga gerðir sérstakir samningar við jarðeigendur og ábúendur við upphaf hverrar 10 ára áætlunar.

Jarðeigendum/ábúendum verði boðið að taka til nytjaskógræktar á næstu 40 árum allt það land sem til þess er fallið að mati sérfræðinga. Gerð verði skógræktaráætlun fyrir hverja jörð, m.a. á grundvelli þeirra gróðurkorta sem fljótlega munu liggja fyrir, og unnið samkvæmt henni undir eftirliti sérfróðra skógræktarmanna.

Þessi vinna mun hefjast strax og ljóst er hvaða og hve mikið land bændur vilja taka til skógræktar.

Fyrsti 10 ára samningur verði gerður milli jarðeiganda/ábúanda og Héraðsskóga um ræktun nytjaskóga í landi þeirra í byrjun árs 1990. Gildi samningurinn frá undirskriftardegi.

Þeim ábúendum sem afsala sér öllum fullvirðisrétti í sauðfé verður tryggð atvinna við Héraðsskóga eftir umfangi verkefnisins, svo sem við umhirðu, útplöntun, plöntuuppeldi og girðingavinnu, en munu óhjákvæmilega vinna talsverðan hluta vinnu sinnar við grisjun á vegum Héraðsskóga á landi í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2000 verði gerður annar samsvarandi samningur við bændur á Fljótsdalshéraði um áframhald nytjaskógræktar á landi þeirra, umhirðu og viðhald bændaskóga, grisjun og umhirðu skóglendis í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2010 verði gerður þriðji samningur við bændur á Fljótsdalshéraði um áframhald plöntunar og umhirðu, grisjun og viðhald bændaskóga og lands í umsjón Skógræktar ríkisins.

Árið 2020 verði gerður fjórði og síðasti samningur í þessari áætlun um nytjaskóga á Fljótsdalshéraði um umhirðu, plöntun, grisjun og skógarhögg fyrsta áfanga nytjaskóga.

### 5.1. Af hverju áfangaskipting?

Þessi áfangaskipting byggir á þeim staðreyndum að planta verður skógi í áföngum, vissu magni á ári hverju, þannig að samfelld atvinna haldist og að skógurinn verði ekki allur felldur í einu, heldur í áföngum. Þannig er tryggð hringrás sú við nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði, sem er til staðar alls staðar í heiminum þar sem skógrækt er stunduð sem alvöru atvinnugrein.

Því er **beint samhengi** milli stærðar þess lands sem tekið er til ræktunar, með öðrum orðum þess lands sem jarðeigendur/ábúendur ákveða að taka til skógræktar, og þeirrar vinnu sem unnin verður á vegum Héraðsskóga við nytjaskógana.

## 6. SKIPULAG OG STJÓRNUN

Lagt er til að Héraðsskógar verði algerlega sjálfstætt verkefni með sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Þannig standi verkefnið algerlega sjálfstætt fyrir utan Skógrækt ríkisins og hagsmunafélög bænda.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra skipi þrjá menn í stjórn Héraðsskóga til tveggja ára í senn. Verði einn tilnefndur af Félagi skógarbænda á Héraði og annar af Skógrækt ríkisins en sá þriðji skipaður án tilnefningar.

Verkefnisstjóri skal í samráði við stjórn sjá um skipulagningu verkefnisins og framkvæmd áætlana um nytjaskógrækt á Héraði. Skal í skipunarbréfi stjórnarmanna kveða skýrt á um skyldu þeirra við að stuðla að sjálfstæði og hlutleysi verkefnisins.

Mikilvægi þess að Héraðsskógar verði ætíð sjálfstætt, hlutlaust verkefni felst m.a. í því að ágreiningur og óeining um markmið og leiðir getur hæglega komið upp ef þeir sem beinna hagsmuna eiga að gæta hafa óeðlileg áhrif á gang verkefnisins. Þar með yrði öllum áætlunum hætt komið og hallað gæti á þá aðila er síst skyldi.

## 7. GRUNDVÖLLUR NYTJASKÓGRÆKTAR OG MARKMIÐ

Grundvöllur þessa verkefnis er samvinna og samstaða heimamanna og velvilji stjórnvalda. Verkefnisstjórn hefur lagt sig fram við að taka tillit til mismunandi sjónarmiða þannig að samstaða skapist og verkefnið fái það brautargengi sem til þarf. Markmiðið hlýtur að vera

að Héraðsmenn taki sem mest land til skógræktar, þannig að í framtíðinni verði Fljótsdalshérað eins konar íslenskur Guðbrandsdalur. Með þetta í huga hafa eftirfarandi tillögur verið lagðar fram:

### 7.1. Jarðir í ábúð.

Lagt er til að plöntun nytjaskóga verði skipt milli jarða í ábúð á Fljótsdalshéraði og greiði þar Héraðsskógar 100% samþykkts kostnaðar. Plantað verði í það land sem talið er af skógfræðingum hæft til útplöntunar, eftir hlutfalli þess lands sem hæft verður talið á hverri jörð fyrir sig. Verði framkvæmdir á ári hverju, í fyrstu 10 ára áætluninni, skipulagðar af verkefnisstjórn miðað við heildarumfang þess lands sem talið er hæft til ræktunar og þá miðað við 40 ára áætlunina.

DÆMI:

| | | |
|---|---|---|
| Jörð x | land til skógræktar | 100 ha árleg ræktun 2,5 ha |
| Jörð z | land til skógræktar | 40 ha árleg ræktun 1,0 ha |

### 7.2. Eyðijarðir.

Lagt er til að plöntun nytjaskóga verði með sama hætti og á jörðum í ábúð nema Héraðsskógar greiða 80% kostnaðar við skógrækt. Eigandi eyðijarðar geti greitt sín 20% með eigin vinnu við útplöntun o.fl. og fái hann þá þær plöntur afhentar frá Héraðsskógum sem hann treystir sér til að planta á ári hverju, þó aldrei fleiri en ræktunaráætlun jarðarinnar segir til um. Ef eigandi kýs að láta Héraðsskóga sjá alfarið um skógrækt á jörðinni skal hann greiða Héraðsskógum 20% kostnaðar við hana. Enginn vinnuréttur fylgi eyðijörðum.

## 8. VINNA VIÐ HÉRAÐSSKÓGA

Verkefnisstjórn hefur í vinnu sinni við að móta tilboð til nytjaskógræktar á Héraði komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé æskilegt að um verði að ræða beinan umreikning fullvirðisréttar til sauðfjárframleiðslu yfir í einhvers konar skógræktarrétt. Eins og fram kom hér að framan er fullvirðisréttur engin frambúðaratvinnutrygging og því væri vafasamt að framlengja hann inn í atvinnugrein sem vonandi á eftir að vara í áratugi eða aldir, ekki síst þar sem skipting hans manna á milli er ójöfn og byggð á umdeilanlegum grunni.

Engu að síður er það ljóst að sá bóndi sem leggur niður umtalsverða sauðfjárrækt er í meiri þörf fyrir nýja atvinnu en sá sem sinnt hefur öðrum verkefnum hingað til, og því leggur verkefnisstjórn til að fyrrverandi sauðfjárbændum verði tryggður fyrsti forgangur að þeirri vinnu sem skapast við ræktun Héraðsskóga.

Með þessar forsendur í huga hafa verkefnisstjórn og verkefnisstjóri mótað eftirfarandi tillögur:

### 8.1. Afsal alls fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjár.

Þeim ábúendum sem breyta búháttum frá framleiðslu sauðfjár til nytjaskógræktar verður tryggð vinna við Héraðsskóga eftir því sem umfang verkefnisins leyfir.

Miðað er við að fulla vinnu veiti **allur** núverandi fullvirðisréttur jarðarinnar í sauðfé, þó minnst 130 ærgildi. Afsal framleiðsluréttar í sauðfé yfir 130 ærgildi vegur til tryggrar atvinnu við verkefni Héraðsskóga, eftir því sem umfang verkefnisins leyfir. Þannig er full búháttabreyting miðuð við allan fullvirðisrétt jarðarinnar, eða minnst 130 ærgildi.

Vinnuréttur, og allar skuldbindingar til nytjaskógræktar, fylgir jörðinni og er háður búsetu, þannig að jarðeigandi/ábúandi getur ekki flutt hann með sér annað.

Þeir jarðeigendur/ábúendur sem ætla að notfæra sér þann vinnurétt sem þeim ber, verða að tilkynna verkefnisstjóra Héraðsskóga þar um fyrir 1. nóvember árið áður en hann skal nýta ella verður honum ráðstafað til annarra bænda til eins árs.

**8.2. Réttur annarra jarða í ábúð til nytjaskógræktar.**

Þeir ábúendur sem ekki hyggja á fullar búháttabreytingar en hugsa sér að taka land til skógræktar fái 100% kostnaðar greiddan við skógræktina. Þessir ábúendur hafi forgang að vinnu á eigin landi.

Einnig hafi þessir aðilar forgang til að nýta vinnurétt þeirra bænda sem breyta búháttum að fullu, en ekki nýta allan vinnurétt sinn. Fyrsta forgang að þeim rétti hafi þó þeir bændur sem hafa fækkað sauðfé verulega.

Stefnt er að því að skapa 15–20 ársverk við Héraðsskóga, en eins og allt annað í áætlanagerð og markmiðssetningu er þessi tala háð því hvert umfang verkefnisins verður.

## 9. FYRIRKOMULAG VINNU OG LAUN

### 9.1. Vinnufyrirkomulag.

Hvað varðar vinnutilhögun verður leitast við að koma til móts við bændur eins og kostur er. Ef það reynist mögulegt gætu t.d. einstaka verkþættir Héraðsskóga verið metnir sem ákveðin kostnaðarstærð og bændum gefinn kostur á að vinna þá verkþætti algerlega sjáfstætt innan vissra tímamarka, á svipaðan hátt og í ákvæðisvinnu. Ljóst er að reynslan verður að leiða í ljós besta fyrirkomulagið í þessum efnum.

En hvort sem verður um að ræða ákveðna greiðslu fyrir verkþætti eða tímavinnu, verður bændum þeim, sem breyta búháttum og uppfylla skilyrðin hér að framan, tryggð atvinna eftir umfangi verkefnisins, en það umfang ræðst m.a. af bændum sjálfum.

### 9.2. Laun.

Ýmsir möguleikar eru til að ákvarða laun vegna vinnu við Héraðsskóga. Ekki er óeðlilegt að tveir þeirra verði skoðaðir sérstaklega.

*Möguleiki 1.*

Notast má við launalið í verðlagsgrundvelli fyrir sauðfjárbú. Grundvöllurinn 1. sept. 1989 var 1.388.037 kr. Vinnustundafjöldi í þessum grundvelli var 3.680. Þessar forsendur samsvara tímalaunum 377,18 kr. á klst. Innifalið í þessum tímalaunum er 26,5% álag vegna helgidagavinnu, 4,3% vegna frídaga, 10,17% orlof og fast sjúkragjald, sem er 1.145,25 kr. Ef tekið er frá álag vegna helgidagavinnu og álag vegna frídaga verður tímakaup við framleiðslu sauðfjár samkvæmt uppgefnum grundvelli 1. sept. 1989 265,31 kr. á klst.

Flestum er ljóst að ef miðað er við þennan grundvöll verður vart hægt fyrir bændur að hafa framfæri sitt af þeim launum sem hér er miðað við. Þess vegna er rétt að stilla upp öðrum möguleika sem gefur aðra mynd.

*Möguleiki 2.*

Laun til bænda við nytjaskógræktina verði miðuð við launataxta Vegagerðar ríkisins og Skógræktar ríkisins, og ætíð miðað við 12 ára starfsreynslu sem er hæsti mögulegi flokkur fyrir sérþjálfaða verkamenn. Allar hækkanir á þessum taxta fylgi almennum umsömdum launahækkunum í þessum launaflokki.

Laun miðuð við þennan flokk voru 1. sept. 1989 302,46 kr. á klst. í dagvinnu eða 52.425 kr. mánaðarlaun. Yfirvinna var 544,43 kr. á klst.

Einnig mundu Héraðsskógar sjá um að greiða eitthvert akstursgjald til að jafna aðstöðu manna til vinnu. Sömuleiðis yrði séð fyrir aðstöðu þar sem starfsmenn gætu neytt nestis.

Héraðsskógar munu mæla með möguleika tvö, sérstaklega þar sem það mundi einfalda alla hluti fyrir báða aðila. Einnig er framtíðin óljós varðandi launalið verðlagsgrundvallar, ekki víst að hann verði til í núverandi mynd um langa framtíð.

## 10. TRYGGING BÆNDA FYRIR ÁFRAMHALDANDI FRAMKVÆMDUM

Á þeim fundum, sem vitnað hefur verið til hér að framan, hefur komið berlega í ljós að bændur vantreysta stjórnvöldum til að standa við áform sín varðandi nytjaskógræktina. Til að koma á móts við bændur og setja tryggingu fyrir framkvæmdum og áætlunum um nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði til framtíðar, er eftirfarandi sett fram:

### 10.1. Trygging frá ríkinu.

Héraðsskógar verði sjálfstætt verkefni með sjálfstætt framlag til framkvæmda á fjárlögum hvers árs. Þannig verði ekki ákveðið framlag bundið samkvæmt samningi landbúnaðarráðherra, heldur skuldbindi ríkið sig til að greiða ákveðna verkþætti samkvæmt 10 ára áætlunum fyrir hvert ár.

Þetta þýðir í raun að landbúnaðarráðherra geri samning við verkefnið Héraðsskóga sem feli í sér að Héraðsskógum verði tryggð fjárveiting á fjárlögum hvers árs til greiðslu á samþykktum kostnaði vegna eftirtalinna verkþátta við ræktun alls skógræktarsvæðis á Fljótsdalshéraði á næstu 40 árum og þá miðað við hvern tíu ára áfanga:

1. Greiðslu á launum til þeirra aðila sem vinna við verkefnið samkvæmt framkvæmdaáætlunum hvers árs og þeim búháttabreytingum sem orðið hafa.
2. Fullrar greiðslu á girðingum sem nauðsynlegar eru samkvæmt framkvæmdaáætlunum hvers árs, efni og vinnu, ásamt hliðum, efni, vinnu og vélavinnu.
3. Kaupa á þeim fjölda plantna sem á að planta út samkvæmt framkvæmdaáætlun hvers árs.
4. Kostnaðar við framræslu lands þar sem hún er talin nauðsynleg.
5. Kostnaðar við nauðsynlega vegagerð um skóglendi.
6. Kostnaðar við útplöntun samkvæmt framkvæmdaáætlun.
7. Kostnaðar við grisjun skóglendis sem Héraðsskógar taka að sér í skóglendi í umsjón Skógræktar ríkisins.
8. Stjórnunarkostnaðar og rekstrar stjórnstöðvar.

Hér yrði því um að ræða samning á milli Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra um greiðslu á þessum verkþáttum og kvæði samningurinn á um að tryggð verði fyrsta 10 ára framkvæmdaáætlunin sem er fyrsti áfangi í því að taka allt fram boðið skógræktanlegt svæði á Fljótsdalshéraði til nytjaskóga á næstu 40 árum.

### 10.2. Trygging bænda frá Héraðsskógum.

Á móti samningi milli Héraðsskóga og landbúnaðarráðherra er lagt til að Héraðsskógar geri samning við hvern jarðeiganda/ábúanda. Samningurinn mundi byggja á skyldum Héraðsskóga við að tryggja framkvæmdir á viðkomandi jörð samkvæmt samningi Héraðsskóga við landbúnaðarráðherra og skyldum bænda við skóginn.

Lagt er til að Héraðsskógar annist og greiði samþykktan kostnað við eftirfarandi:

a. nýjar girðingar, efni og vélar,
b. framræslu lands þar sem það er talið nauðsynlegt,
c. kostnað við gróðursetningu,
d. allar plöntur til útplöntunar,
e. áburðargjöf við útplöntun,
f. kostnað við óhjákvæmilega vegagerð,
g. umhirðu og grisjun,
h. þinglýsingu samnings.

Verkefnið „Héraðsskógar“ mun, í samráði við Skógrækt ríkisins, setja allar reglur um umhirðu og grisjun og ber landeiganda/ábúanda að fara eftir þeim. Væntanlegur samningur mun því að mestu leyti byggjast á gagnkvæmu trausti bænda og ríkisins, með Héraðsskóga sem millilið og framkvæmdaraðila.

## 11. PLÖNTUN NYTJASKÓGA

Hvað varðar plöntun nytjaskóga er lerki í fyrsta sæti sem nytjaviður. Ástæður þess eru löngu kunnar á Fljótsdalshéraði, góð reynsla við bændaskóga í Fljótsdalsáætlun og á Hallormsstað hefur leitt ágæti þess í ljós.

Hins vegar verður leitast við að hafa plöntunina sem fjölbreyttasta, t.d. er áætlað að planta verulegum fjölda af ösp í land þar sem það er talið hagstætt.

Við plöntun skógar verður tekið fullt tillit til náttúruminja og sögulegra minja.

## 12. PLÖNTUFRAMLEIÐSLA OG GRÓÐRARSTÖÐVAR

Ljóst er að úr þessu verður ekki byrjað á plöntuframleiðslu af krafti við verkefnið fyrr en á vorinu 1990. Hins vegar mun Skógrækt ríkisins á Hallormsstað geta útvegað á bilinu 300–400 þús. plöntur á næsta ári þannig að hægt verði að byrja útplöntun á árinu 1990.

Hafa verður í huga við plöntuframleiðslu að með nútímatækni er vinnuaflsþáttur plöntuframleiðslu, hvað varðar lerki, mjög lítill. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að um 3–4 ársverk séu við framleiðslu einnar milljónar plantna.

Einnig er um að ræða mjög sveiflukennda vinnu.

### 12.1. Framleiðsla á lerkiplöntum.

Verkefnisstjórn hefur lagt til að Skógrækt ríkisins á Hallormsstað framleiði u.þ.b. helming þess plöntufjölda í lerki sem ráðgert er að nota við Héraðsskóga. Þannig lengi Skógræktin á Hallormsstað nýtingartíma þeirra húsa sem þegar eru til staðar og er slíkt mikill kostur, þar sem hægt er að samnýta allan útbúnað sem þegar er til staðar í húsunum, alla aðstöðu og þekkingu aðra á Hallormsstað.

Hvað varðar afganginn af þeim lerkiplöntum sem ráðgert er að nota, er það í alvarlegri athugun að Héraðsskógar gangist fyrir uppbyggingu og rekstri á plöntuuppeldisstöð. Stærð hennar mundi ráðast af umfangi verkefnisins og verður tekin ákvörðun um byggingu hennar strax og fyrir liggur kostnaðaráætlun og áætlun um hve mikið land verður tekið til ræktunar á ári hverju í komandi áföngum.

Hér er því aftur komið að þeim þætti að plöntuframleiðsla á vegum Héraðsskóga mun ráðast af umfangi verkefnisins.

Önnur rekstrarform koma að sjálfsögðu til greina, svo sem hlutafélag bænda að uppfylltum vissum kröfum um faglegt eftirlit.

### 12.2. Uppeldi á aspargræðlingum.

Ljóst er nú þegar að um talsverða framleiðslu á ösp verður að ræða. Öspinni verður væntanlega plantað í mýrlent eða blautt land þar sem ekki hentar að planta lerki eða öðrum tegundum.

Lagt er til að uppeldi á aspargræðlingum verði í höndum bænda og þegar hafa þrír bændur sýnt því áhuga að hefja framleiðslu á móðurplöntum til stiklingaræktunar. Hins vegar liggur ekki fyrir hve mikið land verður lagt undir asparræktun en það mun koma í ljós um leið og áhugi bænda liggur fyrir og hvar hentar að planta henni.

Einnig er ljóst að asparframleiðslan verður til að byrja með að meira eða minna leyti tilraunaframleiðsla, þar sem reynsla í asparframleiðslu er ekki til staðar á Fljótsdalshéraði nema að litlu leyti.

## 13. AFURÐIR NYTJASKÓGRÆKTAR

Heppilegasta fyrirkomulag við sölu afurða frá grisjun skóga verður tíminn að leiða í ljós. Óvíst er í dag hvort raunhæft er að ætla að hægt verði að nytja með ágóða annað en borðvið.

Hins vegar verður fylgst með og athugað gaumgæfilega hvaða markaður verður fyrir afurðir úr grisjun skóganna. Í því sambandi hefur verið bent á eftirfarandi:

**1. Selja flís eða kurl til stóriðju frá grisjun skóga.**

Um þetta er það að segja að kísiljárnsverksmiðjan á Grundartanga notar viðarkurl til framleiðslu á kísiljárni og er notkunin milli 20 og 30 þús. tonn árlega. Hagkvæmni notkunar á kurli fer algerlega eftir heimsmarkaðsverði á kísiljárni og er því í sjálfu sér fallvaltur markaður.

Núverandi verð fyrir sænskt eikarkurl er 5.000 kr. á tonn á hafnarbakkanum við verksmiðjuna. Svo virðist að flutningskostnaður frá Fljótsdalshéraði til Grundartanga, eftir hvaða leiðum sem er, sé of mikill til að kurl þaðan sé samkeppnishæft. Einnig hefur Reykjavíkurborg nýverið gert samning við verksmiðjuna um sölu á kurli úr afgangs- og iðnaðarviði sem fellur til eða um 10 þús. tonn á ári.

Þannig er niðurstaðan að mjög hæpið sé í fyrsta lagi að treysta á þennan markað og í öðru lagi er Héraðskurl, vegna fjarlægðar, of dýrt til að standast samkeppni, nema núverandi forsendur breytist.

**2. Markaður gæti orðið á næstu árum fyrir staura til girðinga vegna friðunar lands.**

Þessi markaður er óráðinn en gæti orðið talsverður. Einnig koma Héraðsskógar til með að þurfa að nota talsverðan fjölda staura vegna friðunar lands til nytjaskóga, og ef til vill koma fleiri nytjaskógaverkefni í kjölfar þessa.

**3. Sú tækni er að ryðja sér til rúms erlendis að steypa eða líma viðarplötur úr kurli, jafnvel sprengja viðartrefjar og raða upp á nýtt sem borðviði.**

Um þetta er að segja að þessi möguleiki hefur þegar verið athugaður, og mun slík verksmiðja kosta um 400 milljónir danskra króna og þarf óhemju magn til framleiðslu til að hún borgi sig. Hins vegar verður athugað og fylgst náið með þróun þessarar framleiðslu, hvort markaður er fyrir kurl þar sem þessar verksmiðjur eru og hvort ný tækni á komandi árum geri framleiðslu af þessu tagi á Fljótsdalshéraði hagkvæma.

**4. Sala kurls til húshitunar.**

Hér er mögulega um að ræða vænlegasta kostinn til að nýta afurðir grisjunar og verður hann vandlega athugaður á næstu mánuðum.

**5. Sala borðviðar í framtíðinni.**

Hér er að sjálfsögðu um að ræða mesta markaðinn og mestu verðmætin. Sem dæmi má nefna að einn hektari af 40 ára gömlum lerkiskógi stendur sem slíkur á 2,7 milljónir og þá miðað við varlegar forsendur í vexti trjáa sem Sigurður Blöndal gefur sér varðandi Fljótsdalsáætlun. Markaður er fyrir borðvið hér á landi og engin ástæða til að ætla að svo verði ekki eftir u.þ.b. 40 ár.

## 14. AÐRAR NYTJAR

Hér er rétt að staldra við um stund. Þótt sala afurða skógræktar sé ekki á næstu grösum, bendir flest til að verðmæti skógarjarða miðað við óbreyttar horfur í sauðfjárrækt verði meiri

en sauðfjárræktarjarða í framtíðinni. Ekki aðeins er verðmætur nytjaskógur í vexti á viðkomandi jörð, heldur stendur einnig til boða vinna við skógræktina. Þetta gerir jarðnæðið eftirsóknarvert og ætti því að laða að ungt fólk og halda sveitunum í byggð.

Einnig er mikilvægt að ábúendur sjái aðra möguleika sem opnast við klæðningu jarða með skógi, svo sem korn og grænmetisræktun. Einnig skapast þar eftirsóknarvert umhverfi fyrir ferðamenn til að dvelja við og gæti þá fyrir framsýnt fólk opnast ótaldir möguleikar við að nýta sér það umhverfi.

## 15. GRISJUN SKÓGLENDIS Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Þegar eru á Fljótsdalshérði um 5.000 hektarar lands sem nauðsynlega þurfa umhirðu við. Eins og sagt hefur verið hér að framan mun talsverð vinna framan af Héraðsskógaverkefninu fara í að hirða um þetta skóglendi með grisjun. Grisjun þessi er mjög aðkallandi, til að upp vaxi skógur sem nyt verða af.

### 15.1. Grisjun strax í haust.

Héraðsskógar hyggjast hefja grisjun skóglendis í umsjón Skógræktar ríkisins strax í haust ef áhugi er meðal bænda. Reiknað er með að þar verði boðin 10–13 þriggja mánaða störf. Hugmyndin að baki þessarar grisjunar er að bændur kynnist vinnubrögðum við grisjun, læri að umgangast tæki þau er notuð eru og lesa skóginn. Bændur sem hug hafa á þessari vinnu ættu að hafa samband við verkefnisstjóra í byrjun október.

### 15.2. Skógræktarnámskeið.

Héraðsskógar hafa ákveðið, ef næg þátttaka fæst, að fara þess á leit við Farskóla Austurlands að halda námskeið fyrir bændur og búalið í undirstöðuatriðum skógræktar. Þessi námskeið eru fyrirhuguð á vetri komandi.

## 16. FRAMTÍÐ FLJÓTSDALSÁÆTLUNAR

Vilji bænda sem eru í Fljótsdalsáætlun virðist ganga í þá átt að þeir gangi inn í Héraðsskóga. Þessi atriði voru lítillega rædd á fundi með bændum í Fljótsdalshreppi. Telja þeir eðlilegt að sá skógur sem þegar er vaxinn á landi þeirra verði þeirra forskot og verði metinn sem skógur með vinnurétt. Verkefnisstjórn hefur ekki tekið afstöðu til þessa máls, en það verður gert fljótlega.

## 17. NIÐURLAG

Það er eindregin ósk verkefnisstjórnar að verkefni þetta komist á laggirnar sem fyrst og hagur bænda verði tryggður eins og kostur er miðað við þær forsendur sem getið var um hér að framan. Enginn vafi er á, að fólk um allt land beinir nú sjónum sínum að Fljótsdalshéraði og flestir óska verkefninu brautargengis. Það er engum vafa undirorpið að nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði verður byggðarlaginu til framdráttar á komandi árum.

Raunhæf stefnumótun, ákveðin markmið og áætlanagerð í samvinnu við heimamenn um framkvæmdir á næstu árum er undirstaða góðs árangurs. Það ræður úrslitum að bændur sjái mikilvægi þessa; vel undirbúin áætlun og skýr markmið tryggja stöðu þeirra best og viðgang verkefnisins.

**Fylgiskjal III.**

*Verkefnastjóri Héraðsskóga:*

**HÉRAÐSSKÓGAR**
Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 1990.
Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 1991–2000.
40 ára fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR RÆKTUN NYTJASKÓGA Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

1. INNGANGUR

Vegna breyttra forsendna landstærða á nytjaskógræktarsvæði Fljótsdalshéraðs, hefur fjárhagsáætlun Héraðsskóga breyst. Ástæður breytinganna eru mestmegnis nýjar upplýsingar frá gróðurnýtingadeild RALA um flatarmál landgerða á skógræktarsvæðinu og eru þær áreiðanlegar. Þar sem plöntuframleiðslan er hornsteinn allrar framkvæmdarinnar er leitast við að hún verði sem jöfnust yfir allt 40 ára tímabilið. Þetta þýðir tvennt, annars vegar stýrir plöntumagnið að miklu leyti öllum framkvæmdum og hins vegar er tryggt að hámarksnýting næst við plöntuframleiðsluna.

Til að fá fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir næstu 40 árin hlutlausa og sem vandaðasta, leitaði undirritaður til skógræktarstjóra um aðstoð. Hann taldi Arnór Snorrason, áætlanafulltrúa Skógræktar ríkisins, hæfastan í verkið. Arnór tók að sér verkið og fylgir sú áætlun með sem viðauki 2.

Allar forsendur kostnaðar eru miðaðar við áætlað verðlag 1. júní 1990. Það skal undirstrikað að hér er um fræðilega uppsetningu að ræða um hvernig kostnaður dreifist milli ára miðað við ákveðnar forsendur og markmið skóggræðslu.

2. FORSENDUR

**Sundurliðaður kostnaður á hvern hektara.**

Í viðauka 2, töflu 1, eru birtar kostnaðartölur á hvern hektara fyrir hinar ýmsu framkvæmdir skóggræðslunnar. Stofnkostnaður á hektara er reiknaður út fyrir fjóra flokka lands:

**1. Mýrlendi: 145.735 kr./ha.**

Það er land sem þarf að ræsa fram ef rækta skal á því nytjaskóg. Mýrlendi verður ekki tekið til ræktunar á þessum áratug.

**2. Jaðar: 133.639 kr./ha.**

Hér er oftast um að ræða mýrlendi sem búið er að ræsa en er ekki orðið fullþurrt.

**3. Þurrlendi sem þarf að jarðvinna: 127.116 kr./ha.**

Þetta eru flatlendir hrísmóar.

**4. Annað þurrlendi: 123.366 kr./ha.**

**Landstærðir og skipting lands.**

Upplýsingar um skiptingu lands í landgerðir eru fengnar frá gróðurnýtingardeild RALA sem er búin að mæla landstærðir á um helmingi svæðisins. Nú er unnið við að ljúka mælingum

á innri hluta svæðisins. Fyrir þann hluta eru notaðar eldri tölur um heildarflatarmál og áætluð skipting í landgerðir út frá fyrrgreindum upplýsingum RALA (viðauki 2, tafla 2).

Heildarstærð undirlendis á skógræktarsvæðinu er um 36.800 hektarar.

Hér á eftir er gert ráð fyrir að eftirtaldar landgerðir verði ekki teknar til nytjaskógræktar.

1. Lítt eða ógróið land: Of rýrt til nytjaskógræktar.
2. Hálfgróið land: Að meginhluta of rýrt til nytjaskógræktar.
3. Ræktað land: Nýtist við hefðbundinn búrekstur og sem beitiland.
4. Birkiskóglendi: Viðhaldið af náttúruverndarsjónarmiðum.

Eftir eru þá 23.300 hektarar. Önnur úrtök af völdum t.d. áreyra, strandsvæða, minja, beitarhólfa, sumarbústaðalóða, vega og vegastæða er áætlað um 15% af öllum landgerðum nema votlendi. Á votlendi er aðeins gert ráð fyrir að 30% nýtist til nytjaskógræktar. Ástæðurnar fyrir þessu lága nýtingarhlutfalli eru náttúruverndarsjónarmið, hætta á frost- og flóðaskemmdum. Auk þess eru stór votlendissvæði óframræsanleg vegna berghafta.

Áætluð stærð skógræktarsvæðis er þá um 15.000 hektarar.

**Plöntuframleiðsla.**

Við gerð áætlunarinnar er lögð höfuð áhersla á að halda plöntuframleiðslunni sem jafnastri, sjá stólparit aftast í viðauka 2. Með því móti er framleiðslutækjum við plöntuframleiðslu haldið í fullum afköstum og hagkvæmni hennar í hámarki. Miðað er við að afköst við plöntuframleiðslu verði eftir 1991 1,5 milljónir plantna árlega en það er sú framleiðsla sem skilar 15.000 hekturum fullgróðursettum á 40 árum. Árið 1991 er áætlað að 1 milljón plantna verði tilbúin til afgreiðslu. Verði frumvarpi um fjárhagsáætlun 1990 (sjá lið 5, plöntuframleiðsla, í næstu töflu hér fyrir aftan) ekki fylgt, færist sá stofnkostnaður fram og þar af leiðandi öll framkvæmdin Héraðsskógar, þar til ráðist verður í byggingu gróðurhúsa. Allur undirbúningur með bændum, áætlanagerð og framkvæmdir hafa miðast við að staðið yrði við þennan lið framkvæmdarinnar.

**Friðun.**

Hingað til hafa landeigendur í fimm hreppum samþykkt að girt verði stofngirðing umhverfis stór svæði skógræktarlandsins og bera fulla ábyrgð á búpeningi innan þeirra girðinga, svo og kostnaði sem af því hlýst.

Lengd stofngirðingar umhverfis allt skógræktarsvæðið er áætluð 180 km. Girtir verða 20 km á þessu ári, en síðan 112 km á þessum áratug og síðast 48 km á næsta áratug.

**Grisjun.**

Gert er ráð fyrir að grisjaðir verði 56 ha á ári af birki- og barrskógi, einnig kjarrsögun á um 18 ha á ári.

Tölur um kostnað og tekjur í kr./ha fyrstu grisjunar, útdrátt viðar og viðarvinnslu eru fengnar frá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað.

| | Tekjur | Kostnaður | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Birkiskógur: | 182.000 | 193.000 | -11.000 |
| Barrskógur: | 133.000 | 154.000 | -21.000 |
| Kjarrsögun: | | 18.700 | -18.700 |

Áhersla skal lögð á að þetta eru meðaltalstölur og ef látið er vera að hirða og vinna afurðirnar er kostnaður 24.000 kr./ha. Vegna aukningar á gæðum og verðgildi skógarins við grisjun er brýn þörf á þessari framkvæmd.

Á það skal bent að vegna grisjunar Héraðsskóga 1989 og hráefnis sem þá féll til er verið að leita að nýjum mörkuðum fyrir afurðirnar.

**Stjórnunarkostnaður.**

Um er að ræða laun framkvæmdastjóra og aðstoðarmanna, sem m.a. verða bændum til ráðuneytis, einnig rekstur skrifstofu.

Ræktunaráætlanir fyrir skógræktarsvæðið verða að mestu unnar af áætlanadeild Skógræktar ríkisins, Héraðsskógum að kostnaðarlausu. Þetta er meginástæða fyrir lágum stjórnunarkostnaði Héraðsskóga. Sem afleiðing af þessu mun fjárveiting áætlanadeildar Skógræktar ríkisins þurfa að aukast.

**Stofnkostnaður.**

Um er að ræða kostnað við kaup á verkfærum og tækjum við skóggræðslu, svo sem gróðursetningaráhöld, kerrur, skógarhöggstæki og létt viðarvinnslutæki.

### 3. Niðurskurður á framkvæmdaáætlun Héraðsskóga 1990.

| | Framkvæmda-áætlun 1990 | Verður eftir niðurskurð | Með viðbót 15,000,000 |
|---|---|---|---|
| **1. Girðingar** | | | |
| Efniskostnaður | 2,153,000 | 878,800 | 764,170 |
| Stofnkostnaður samtals | 2,153,000 | 878,800 | 764,170 |
| Frakt | 159,000 | 65,000 | 56,520 |
| Jarðýta | 457,000 | 187,000 | 162,610 |
| Bíll og traktor | 685,000 | 280,000 | 243,480 |
| Laun, launatengd gjöld og ófyrirséð | 1,440,000 | 889,200 | 773,220 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2,741,000 | 1,421,200 | 1,235,830 |
| Stofnkostnaður | 2,153,000 | 878,800 | 764,170 |
| Rekstrarkostnaður | 2,741,000 | 1,421,200 | 1,235,830 |
| **Girðingar samtals** | **4,894,000** | **2,300,000** | **2,000,000** |
| **2. Skóggræðsla** | | | |
| Lerki 500,000 st. 18 kr./pl. | 9,000,000 | | |
| Lerki 200,000 st. 18 kr./pl. | | 3,600,000 | 3,600,000 |
| Stofnkostnaður samtals | 9,000,000 | 3,600,000 | 3,600,000 |
| Kostnaður vegna gróðursetn. 4.34 kr./pl. | 2,170,000 | 868,000 | 868,000 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 2,170,000 | 868,000 | 868,000 |
| Stofnkostnaður | 9,000,000 | 3,600,000 | 3,600,000 |
| Rekstrarkostnaður | 2,170,000 | 868,000 | 868,000 |
| Samtals | 11,170,000 | 4,468,000 | 4,468,000 |
| Eftirst. v/gróðurhúss á Hallormsstað | -730,000 | -730,000 | -730,000 |
| **Skóggræðsla samtals** | **10,440,000** | **3,738,000** | **3,738,000** |
| **3. Grisjun skóglendis** | | | |
| Sagir, hlífðarfatnaður, keðjur | 740,000 | | |
| Viðarvinnslutæki | | 600,000 | 300,000 |
| Stofnkostnaður samtals | 740,000 | 600,000 | 300,000 |
| Laun, launatengd gjöld og ófyrirséð | 12,174,000 | 1,530,000 | 780,000 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 12,174,000 | 1,530,000 | 780,000 |
| Stofnkostnaður | 740,000 | 600,000 | 300,000 |
| Rekstrarkostnaður | 12,174,000 | 1,530,000 | 1,080,000 |
| **Grisjun skóglendis samtals** | **12,914,000** | **2,130,000** | **1,380,000** |

| | Framkvæmda-áætlun 1990 | Verður eftir niðurskurð | Með viðbót 15,000,000 |
|---|---|---|---|
| **4. Námskeið** | | | |
| Undirbúningur | 1,000,000 | 500,000 | 250,000 |
| Meðferð tækja | 150,000 | 150,000 | 0 |
| Gróðursetning | 150,000 | 150,000 | 150,000 |
| Grisjun | 150,000 | 0 | 0 |
| Verkstjórnarnámskeið | 150,000 | 0 | 0 |
| **Námskeið samtals** | **1,600,000** | **800,000** | **400,000** |
| **5. Plöntuframleiðsla** | | | |
| Tvö gróðurhús | | | |
| Hús 2 2000 $m^2$ 9,500 kr./$m^2$ | 19,000,000 | 3,000,000 | 19,000,000 |
| Byrjað á asparrækt | 0 | 0 | 1,000,000 |
| Annar stofnkostnaður | 6,650,000 | 0 | 0 |
| Stofnkostnaður samtals | 25,650,000 | 3,000,000 | 20,000,000 |
| **Plöntuframleiðsla samtals** | **25,650,000** | **3,000,000** | **20,000,000** |
| **6. Stjórnun** | | | |
| Bifreið fyrir vinnuflokka | 2,000,000 | | |
| Hnitaborð | | 250,000 | 0 |
| Stofnkostnaður samtals | 2,000,000 | 250,000 | 0 |
| Húsnæði | 480,000 | 70,000 | 70,000 |
| Rekstur og viðhald bifreiðar | 500,000 | 150,000 | 150,000 |
| Laun, launatengd gjöld og ófyrirséð | 3,456,000 | 2,562,000 | 2,562,000 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 4,436,000 | 2,782,000 | 2,782,000 |
| Stofnkostnaður | 2,000,000 | 250,000 | 0 |
| Rekstrarkostnaður | 4,436,000 | 2,782,000 | 2,782,000 |
| **Stjórnun samtals** | **6,436,000** | **3,032,000** | **2,782,000** |
| **Samtals kr.** | **61,934,000** | **15,000,000** | **30,000,000** |

Egilsstöðum í mars 1990.

Helgi Gíslason,
verkefnastjóri

## 4. Árlegur kostnaður Héraðsskóga 1991–2000.

| Framkvæmd | Ár 1991 þús. kr. | Ár 1992 þús. kr. | Ár 1993 þús. kr. | Ár 1994 þús. kr. | Ár 1995 þús. kr. | Ár 1996 þús. kr. | Ár 1997 þús. kr. | Ár 1998 þús. kr. | Ár 1999 þús. kr. | Ár 2000 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jaðar/gróðursetning | | | | 1,500 | 2,700 | 11,636 | 10,136 | 9,491 | 555 | 555 |
| Þurrlendi/gróðursetning | | | | | | 1,463 | 7,190 | 2,234 | | |
| Þurrlendi/gróðursetning | 25,340 | 38,010 | 38,010 | 38,010 | 38,010 | 27,874 | 20,272 | 22,340 | 33,510 | 34,897 |
| Friðun | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 | 1,456 |
| Grisjun birkiskógar | 440 | 440 | 440 | 440 | 440 | 440 | 440 | 440 | 440 | 440 |
| Grisjun barrskógar | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 |
| Kjarrsögun | 337 | 337 | 337 | 337 | 337 | 337 | 337 | 337 | 337 | 337 |
| Stjórnunarkostnaður | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 | 3,600 |
| Stofnkostnaður | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 | 1,000 |
| **Samtals** | **32,509** | **45,179** | **45,179** | **46,679** | **47,879** | **48,142** | **44,767** | **41,234** | **41,234** | **42,621** |

## 5. Áætlaður kostnaður á landgerðir í þús. kr. 1991–2000.
## (Fjöldi plantna og ha.)

| Framkvæmdir | | Ár 1991 | Ár 1992 | Ár 1993 | Ár 1994 | Ár 1995 | Ár 1996 | Ár 1997 | Ár 1998 | Ár 1999 | Ár 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2. Jaðar** | | | | | | | | | | | |
| Plöntur: Ösp . . . . . | St. | | | | | | 400,000 | 400,000 | 400,000 | | |
| Stærð svæða . . . . . | Ha | | | | | | 200 | 200 | 200 | | |
| Jarðvinnsla . . . . . . | | | | | 1500 | 1500 | 1500 | | | | |
| Vegagerð . . . . . . . | | | | | | 1200 | 1200 | 1200 | | | |
| Nýgróðursetning . . | | | | | | | 8936 | 8936 | 8936 | | |
| Áburðargjöf . . . . . | | | | | | | | | 555 | 555 | 555 |
| Jaðar samtals | | | | | 1500 | 2700 | 11636 | 10136 | 9491 | 555 | 555 |
| **Þurrlendi sem þarf að jarðvinna** | | | | | | | | | | | |
| Plöntur: Lerki . . . . | St. | | | | | | | 300,000 | 100,000 | | |
| Stærð svæða . . . . . | Ha | | | | | | | 150 | 50 | | |
| Jarðvinnsla . . . . . . | | | | | | | 563 | 188 | | | |
| Vegagerð . . . . . . . | | | | | | | 900 | 300 | | | |
| Nýgróðursetning . . | | | | | | | | 6702 | 2234 | | |
| Þurrlendi samtals | | | | | | | 1463 | 7190 | 2234 | | |
| **4. Þurrlendi sem ekki þarf að jarðvinna** | | | | | | | | | | | |
| Plöndur: Lerki . . . . | St. | 1000000 | 1500000 | 1500000 | 1500000 | 1500000 | 1100000 | 800000 | | | |
| Plöntur: Fura . . . . . | St. | | | | | | | | 1000000 | 1500000 | 1500000 |
| Stærð svæða . . . . . | Ha | 500 | 750 | 750 | 750 | 750 | 550 | 400 | | | |
| Vegagerð . . . . . . . | | 3000 | 4500 | 4500 | 4500 | 4500 | 3300 | 2400 | | | |
| Nýgróðursetning . . | | 22340 | 33510 | 33510 | 33510 | 33510 | 24574 | 17872 | | | |
| Endurgróðursetning . | | | | | | | | | 22340 | 33510 | 33510 |
| 1. Áburðargjöf . . . . | | | | | | | | | | | 1387 |
| Þurrlendi samtals | | 25340 | 38010 | 38010 | 38010 | 38010 | 27874 | 20272 | 22340 | 33510 | 34897 |

## 6. Plöntuþörf. Dreifing plantna milli ára og tegunda.

**Plöntuþörf.**
**Dreifing plantna milli ára og tegunda.**

| Tegund | Ár 1991 | Ár 1992 | Ár 1993 | Ár 1994 | Ár 1995 | Ár 1996 | Ár 1997 | Ár 1998 | Ár 1999 | Ár 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lerki . . . . . . . . . . . . | 1,000,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,100,000 | 1,100,000 | 100,000 | | |
| Fura . . . . . . . . . . . . . | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1,000,000 | 1,500,000 | 1,500,000 |
| Ösp . . . . . . . . . . . . . | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 400,000 | 400,000 | 400,000 | 0 | 0 |
| Greni . . . . . . . . . . . . | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 1,000,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 | 1,500,000 |

**Gróðursetning.**
**Dreifing fjölda hektara milli ára og landgerða.**

| Landgerð | Ár 1991 | Ár 1992 | Ár 1993 | Ár 1994 | Ár 1995 | Ár 1996 | Ár 1997 | Ár 1998 | Ár 1999 | Ár 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jaðar . . . . . . . . . . . . | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 200 | 200 | 200 | ** | |
| Þurrlendi . . . . . . . . . . | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 150 | 50 | | |
| Þurrlendi . . . . . . . . . . | 500 | 750 | 750 | 750 | 750 | 550 | 400 | | 0 | 0 |
| Samtals | 500 | 750 | 750 | 750 | 750 | 750 | 750 | 250 | 0 | 0 |

Viðauki 1.

7.1. **Áætlaður kostnaður við Héraðsskóga 1991-2000**



7.2. Áætlaður kostnaður við nýgróðursetningu 1991-2000



7.3. Áætlaður kostnaður við grisjunarstörf 1991-2000



7.4. Áætlaður kostnaður við rekstur og friðun 1991-2000



## 7.5. Vaxtargeta skógræktarsvæðis á Fljótdalshéraði.

| Landgerð | Ha | Tegund | Vöxtur $m^3$/ha á ári | Samanlagður vöxtur $m^3$/landgerð og ár |
|---|---|---|---|---|
| Deiglendi . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 3.651 | Greni | 5 | 18.255 |
| Þurrlendi . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 11.349 | Lerki | 7 | 79.443 |
| Samtals | 15.000 | | | 97.698 |

Stærð landgerða er samkvæmt upplýsingum RALA. Vöxtur grenis er samkvæmt skýrslunni „Auðlindir um aldamót", útg. 1987, en vöxtur lerkis samkvæmt grein Baldurs Þorsteinssonar „Útreikningur á kapítalverðmæti lerkis", útg. 1968.

Miðað er við fullgróðursett svæði. Athuga ber að þetta dæmi er mjög einfaldað, hvorki fura né ösp er tekin með og landgerðum er slegið saman í tvo flokka.

**Viðauki 2.**

**Tafla 1. Kostnaður vegna nytjaskógræktar á Fljótsdalshéraði.**

Stofnkostnaður á hektara við nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði.
Áætlaður kostnaður miðað við júní 1990.

**1. Mýri: samtals 2.717 ha**

| Framkvæmdir | | Kostn. kr./ha | % af heild | Fram ár | Heildark. þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Framr. 100.8 kr./m, 120 m/ha | 100.8 | 12096 | 0.08 | -4 | 32,865 |
| Jarðv. á mýri, 15000 kr./dag 2 ha/dag | 15000 | 7500 | 0.05 | -2 | 20,378 |
| Vegagerð 300 kr./m, 20 m/ha | 300 | 6000 | 0.04 | -1 | 16,302 |
| Nýgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl, 2000 pl./ha | 18 | 36000 | 0.25 | 0 | 97,812 |
| Nýgr.setn.útpl.flutn. 4.34 kr./pl. 2000 pl./ | 4.34 | 8680 | 0.06 | 0 | 23,584 |
| Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl. 2000 pl./h | 18 | 36000 | 0.25 | 7 | 97,812 |
| Endurgr.setn.útpl.flutn. 4.34 kr./pl. 2000 pl. | 4.34 | 8680 | 0.06 | 7 | 23,584 |
| 1. Áb.gjöf-kaup á áb. 22.39 /kg, 40 kg ha | 22.39 | 896 | 0.01 | 2 | 2,433 |
| 1. Áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km | 1.94 | 78 | 0.00 | 2 | 211 |
| 1. Áb.gjöf-dreifing 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha | 0.9 | 1800 | 0.01 | 2 | 4,891 |
| 2. Áb.gjöf-kaup á áburði 22.39 /kg, 140 kg/ha | 22.39 | 3135 | 0.02 | 9 | 8,517 |
| 2. Áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km | 1.94 | 272 | 0.00 | 9 | 738 |
| 2. Áb.gjöf-dreifing 0.9 kr./pl. 4000 pl./ha | 0.9 | 3600 | 0.02 | 9 | 9,781 |
| 1. grisjun og viðarvinnsla 154000 kr./ha | 154000 | 154000 | 1.06 | 24 | 418,418 |
| Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha | 133000 | -133000 | -0.91 | 24 | -361,361 |
| Kostnaður samtals á hektara | | 145735 | 1.00 | | 395,963 |

**2. Jaðar: samtals 933 ha**

| Framkvæmdir | | Kostn. kr./ha | % af heild | Fram ár | Heildark. þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Jarðvinnsla á mýri 15000 kr./dag, 2 ha/dag | 15000 | 75000 | 0.06 | -2 | 6,998 |
| Vegagerð, 300 kr./m, 20 m/ha | 300 | 6000 | 0.04 | -1 | 5,598 |
| Nýgr.setn-plöntuk, 18. kr./pl. 2000 pl./ha | 18 | 36000 | 0.27 | 0 | 33,588 |
| Nýgr.setn-útpl.flutn. 4.34 kr./pl., 2000 pl./ | 4.34 | 8680 | 0.07 | 0 | 8,098 |
| Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl., 2000 pl./h | 18 | 36000 | 0.27 | 7 | 33,588 |
| Endurgr.setn.útpl.flutn. 4.34 kr./pl., 2000 pl. | 4.34 | 8680 | 0.07 | 7 | 8,098 |
| 1. Áb.gj.-kaup á áb. 22.39/kg, 40 kg/ha | 22.39 | 896 | 0.01 | 2 | 836 |
| 1. Áb.gj.-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km | 1.94 | 78 | 0.00 | 2 | 72 |
| 1. Áb.gj.-dreifing 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha | 0.9 | 1800 | 0.01 | 2 | 1679 |
| 2. Áburðargj.-kaup á áb. 22.39/kg, 140 kg/ha | 22.39 | 3135 | 0.02 | 14 | 2,925 |
| 2. Áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km | 1.94 | 272 | 0.00 | 14 | 253 |
| 2. Áb.gjöf-dreif. 0.9 kr./pl. 4000 pl./ha | 0.9 | 3600 | 0.03 | 14 | 3,359 |
| 1. grisj. og viðarv. 154000 kr./ha | 154000 | 154000 | 1.15 | 24 | 143,682 |
| Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha | 133000 | -133000 | -1.00 | 24 | -124,089 |
| Kostnaður samtals á hektara | | 133639 | 1.00 | | 124,686 |

**3. Þurrlendi sem þarf að jarðvinna 70% af hrísmóa: samtals 2.520 ha**

| Framkvæmdir | | Kostn. kr./ha | % af heild | Fram ár | Heildark. þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Jarðv. á þurrl. 15000 kr./dag, 4 ha/dag . . . . . . . . . | 15000 | 3750 | 0.03 | -1 | 9,450 |
| Vegagerð 300 kr./m, 20 m/ha. . . . . . . . . . . . . . . . | 300 | 6000 | 0.05 | -1 | 15,120 |
| Nýgróðurs.-plöntuk. 18 kr./pl., 2000 pl./ha . . . . . . | 18 | 36000 | 0.28 | 0 | 90,720 |
| Nýgr.setn.útpl. flutn. 4.34 kr./pl., 2000 pl. . . . . . . . | 4.34 | 8680 | 0.07 | 0 | 21,874 |
| Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl. 2000 pl./ . . . . . . | 18 | 36000 | 0.28 | 7 | 90,720 |
| Endurgr.setn útpl.flutn. 4.34 kr./pl 2000 pl./h . . . . . | 4.34 | 8680 | 0.07 | 7 | 21,874 |
| 1. áburðargj.-kaup á áb. 22.39 /kg, 40 kg/ . . . . . . . | 22.39 | 896 | 0.01 | 9 | 2,257 |
| 1. áburðargj-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km . . . . . | 1.94 | 78 | 0.00 | 9 | 196 |
| 1. áburðargj.dreif. 0.9 kr./pl., 2000 pl./ha . . . . . . . | 0.9 | 1800 | 1.42 | 9 | 4,536 |
| 2. áburðargj.-kaup á áb. 22.39/kg, 100 kg/h . . . . . . | 22.39 | 2239 | 0.02 | 14 | 5,642 |
| 2. áburðargj.-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km . . . . . | 1.94 | 194 | 0.00 | 14 | 489 |
| 2. áburðargj.-dreif. 0.9 kr./pl., 2000 pl./ha . . . . . . | 0.9 | 1800 | 0.01 | 14 | 4,536 |
| 1. Grisjun og viðarvinnsla 154000 kr./ha. . . . . . . . | 154000 | 154000 | 1.21 | 24 | 388,080 |
| Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha . . . . . . . . . . . . | 133000 | -133000 | -1.05 | 24 | -335,160 |
| Kostnaður samtals á hektara | | 127116 | 1.00 | | 320,333 |

**4. Þurrlendi, annað: samtals 8.829 ha**

| Framkvæmdir | | Kostn. kr./ha | % af heild | Fram ár | Heildark. þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Vegagerð, 300 kr./m 20 m ha. . . . . . . . . . . . . . . . | 300 | 6000 | 0.05 | -1 | 52,974 |
| Nýgróðurs.-plöntuk, 18 kr./pl. 2000 pl./ha . . . . . . . | 18 | 36000 | 0.29 | 0 | 317,844 |
| Nýgr.s., útpl.flutn. 4.34 kr./pl. 2000 pl. . . . . . . . . . | 4.34 | 8680 | 0.07 | 0 | 76,636 |
| Endurgr.setn.-plöntuk. 18 kr./pl 2000 pl./ha . . . . . | 18 | 36000 | 0.29 | 7 | 317,844 |
| Endurgr.setn.-útpl., flutn. 4.34 kr./pl. 200. . . . . . . | 4.34 | 8680 | 0.07 | 7 | 76,636 |
| 1. áb.gjöf-kaup á áb. 22.39/kg, 40 kg/ha . . . . . . . . | 22.39 | 896 | 0.01 | 9 | 7,907 |
| 1. áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km . . . . . . . | 1.94 | 78 | 0.00 | 9 | 685 |
| 1. áb.gjöf-dreif. 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha . . . . . . . . . | 0.9 | 1800 | 0.01 | 9 | 15,892 |
| 2. áb.gjöf-kaup á áburði 22.39/kg, 100 kg/h . . . . . . | 22.39 | 2239 | 0.02 | 14 | 19,768 |
| 2. áb.gjöf-flutn. 32.4 kr./tonn/km, 60 km . . . . . . . | 1.94 | 194 | 0.00 | 14 | 1,713 |
| 2. áb.gjöf-dreif. 0.9 kr./pl. 2000 pl./ha . . . . . . . . . | 0.9 | 1800 | 0.01 | 14 | 15,892 |
| 1. Grisjun og viðarv. 154000 kr./ha . . . . . . . . . . . | 154000 | 154000 | 1.25 | 24 | 1,359,66 |
| Tekjur af 1. grisjun, 133000 kr./ha . . . . . . . . . . . . | 133000 | -133000 | -1.08 | 24 | -1.174,257 |
| Kostnaður samtals á hektara | | 123366 | 1.00 | | 1.089,200 |
| 5. Grisjun birkiskóga . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | Samt: | 960 | | | |
| 1. Grisjun og viðarvinnsla, 193000 kr./ha . . . . . . . | 193000 | 193000 | | 0 | 185,280 |
| Tekjur af birkigrisjun, 182000 kr./ha . . . . . . . . . . | 182000 | -182000 | | 0 | -174,720 |
| Kostnaður samtals á hektara | | 11000 | | | 10,560 |
| 6. Grisjun barrskóga . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | Samt: | 384 | | | |
| 1. Grisjun og viðarvinnsla, 193000 kr./ha . . . . . . . | 154000 | 154000 | | 0 | 59,136 |
| Tekjur af birkigrisjun, 182000 kr./ha. . . . . . . . . . . | 133000 | -130000 | | 0 | -51,072 |
| Kostnaður samtals á hektara | | 21000 | | | 8,064 |
| 7. Kjarrsögun, 18.700 kr./ha . . . . . . . . . . . . . . . | Samt: | 432 | | | 8,078 |
| 8. Friðun 130.000 kr./km . . . . . . . . . . . . . . . . . | Samt: | 160 | | | 20,800 |
| 9. Stjórnunarkostn, 3.6 millj. kr./ár . . . . . . . . . . | Samt: | 59 | | | 212,400 |
| 10.Stofnkostn. áh. og tækja 1 millj.kr. . . . . . . . . . | Samt: | 59 | | | 59,000 |
| Heildarkostnaður framkvæmda | | | | | 2,249,084 |

**Tafla 2.** **Stærð svæðis til nytjaskógræktar.**

| Landgerðir: | Fullgr. ha | Hálfgr. ha | Fullgr. % | Hálfgr. % |
|---|---|---|---|---|
| Eiðahr. Kortblað 1. 0–200 m | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 171.5 | 6.3 | 13 | 0 |
| Hrísmói | 219.9 | 62.3 | 16 | 5 |
| Lítt eða ógróið land | | 39.1 | 0 | 3 |
| Rýrt mólendi | 248 | 4.3 | 18 | 0 |
| Ræktað land | 233.7 | | 17 | |
| Skóglendi | | | 0 | |
| Jaðar | 27.5 | | 2 | |
| Votlendi | 337.7 | | 25 | |
| | 1238.3 | 112 | 91 | 8 |
| Egilsst.bær. Kortbl. 1. 0–200 m | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 214.3 | 21.3 | 8 | 1 |
| Hrísmói | 156 | 3.8 | 6 | 0 |
| Lítt eða ógróið land | | 274.9 | 0 | 11 |
| Rýrt mólendi | 210 | 49.7 | 8 | 2 |
| Ræktað land | 283.4 | | 11 | |
| Skóglendi | 807.6 | | 32 | |
| Jaðar | 34.1 | | 1 | |
| Votlendi | 489.8 | | 19 | |
| | 2195.2 | 349.7 | 86 | 14 |
| Fellahr. Kortblað 1. 0–200 m | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 284.7 | 34 | 3 | 0 |
| Hrísmói | 1327.9 | 317.5 | 14 | 3 |
| Lítt eða ógróið land | | 1480.5 | 0 | 16 |
| Rýrt mólendi | 1920.5 | 479.8 | 21 | 5 |
| Ræktað land | 642 | | 7 | |
| Skóglendi | 18 | | 0 | |
| Jaðar | 142.2 | | 2 | |
| Votlendi | 2554.8 | | 28 | |
| | 6890.1 | 2311.8 | 75 | 25 |
| Vallahr. Kortblað 1. 0–200 m | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 658.2 | 48.9 | 16 | 1 |
| Hrísmói | 260.8 | 11.1 | 6 | 0 |
| Lítt eða ógróið land | | 305.3 | 0 | 8 |
| Rýrt mólendi | 521.5 | 238.7 | 13 | 6 |
| Ræktað land | 450 | | 11 | |
| Skóglendi | 436.2 | | 11 | |
| Jaðar | 305.6 | | 8 | |
| Votlendi | 808.7 | | 20 | |
| | 3441 | 604 | 85 | 15 |
| Samt. Kortblað 1. 0–200 m | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 1328.7 | 110.5 | 8 | 1 |
| Hrísmói | 1964.6 | 394.7 | 11 | 2 |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 2099.8 | 0 | 12 |
| Rýrt mólendi | 2900 | 772.5 | 17 | 5 |
| Ræktað land | 1609.1 | 0 | 9 | |
| Skóglendi | 1261.8 | 0 | 7 | |
| Jaðar | 509.4 | | 3 | |
| Votlendi | 4191 | | 24 | |
| | 13764.6 | 3377.5 | 80 | 20 |

| Landgerðir: | Fullgr. ha | Hálfgr. ha | Fullgr. % | Hálfgr. % |
|---|---|---|---|---|
| Fljótsdalshreppur | | | | |
| Áætl. sömu hlutföll gróðurlenda | | | | |
| Innanverður 0–300 m = 5520 ha | | | | |
| Utanverður 0–250 m = 3095 ha | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 734 | 61 | 9 | 1 |
| Hrísmói | 1085 | 218 | 13 | 3 |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 1160 | 0 | 13 |
| Rýrt mólendi | 1602 | 427 | 19 | 5 |
| Ræktað land | 775 | | | |
| Skóglendi | 697 | | 8 | |
| Jaðar | 281 | | 3 | |
| Votlendi | 2315 | | 27 | |
| | 7488 | 1865 | 80 | 20 |
| Skriðdalshreppur | | | | |
| Áætluð sömu hlutföll gróðurlendis | | | | |
| 0–200 m 5212 ha | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 444 | 37 | 9 | 1 |
| Hrísmói | 656 | 132 | 13 | 3 |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 702 | 0 | 13 |
| Rýrt mólendi | 969 | 258 | 19 | 5 |
| Ræktað land | 535 | | | |
| Skóglendi | 422 | | 8 | |
| Jaðar | 170 | | 3 | |
| Votlendi | 1400 | | 27 | |
| | 4596 | 1128 | 80 | 20 |
| Vallahreppur utan kortbl. 1. | | | | |
| Áætluð sömu hlutf. gróðurl. | | | | |
| Innanverður 0–250 m 1685 ha | | | | |
| Utanverður 0–200 m 7390 ha | | | | |
| Skógl. Skógr. ríkisins 1550 ha | | | | |
| Úthagi kortl. á kortbl. 1 3595 ha | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 335 | 28 | 9 | 1 |
| Hrísmói | 495 | 99 | 13 | 3 |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 529 | 0 | 13 |
| Rýrt mólendi | 731 | 195 | 19 | 5 |
| Ræktað land | 531 | | | |
| Skóglendi | 318 | | 8 | |
| Jaðar | 128 | | 3 | |
| Votlendi | 1056 | | 27 | |
| | 3593 | 851 | 80 | 20 |
| Fellahreppur utan kortblaðs 1. | | | | |
| Áætluð sömu hlutf. gróðurl. | | | | |
| 0–200 m 9280 ha | | | | |
| Úthagi kortl. á kortbl. 1 9202 ha | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 7 | 1 | 9 | 1 |
| Hrísmói | 10 | 2 | 13 | 3 |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 10 | 0 | 13 |
| Rýrt mólendi | 15 | 4 | 19 | 5 |
| Ræktað land | 24 | | | |
| Skóglendi | 6 | | 8 | |
| Jaðar | 3 | | 3 | |
| Votlendi | 21 | | 27 | |
| | 85 | 17 | 80 | 20 |

| Landgerðir: | Fullgr. ha | Hálfgr. ha | Fullgr. % | Hálfgr. % |
|---|---|---|---|---|
| Samt. Áætlað utan kortbl. 1. | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 1519 | 126 | 8 | 1 |
| Hrísmói | 2246 | 451 | 11 | 2 |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 2401 | 0 | 12 |
| Rýrt mólendi | 3316 | 883 | 17 | 5 |
| Ræktað land | 1865 | 0 | 10 | |
| Skóglendi | 1443 | 0 | 7 | |
| Jaðar | 582 | | 3 | |
| Votlendi | 4792 | | 24 | |
| | 15763 | 3862 | 80 | 20 |
| Samt. Áætlað utan kortbl. 1 og kortblað 1. | | | | |
| Frjósamt mólendi og graslendi | 2848 | 237 | | |
| Hrísmói | 4211 | 846 | | |
| Lítt eða ógróið land | 0 | 4501 | | |
| Rýrt mólendi | 6216 | 1656 | | |
| Ræktað land | 3474 | 0 | | |
| Skóglendi | 2704 | 0 | | |
| Jaðar | 1092 | | | |
| Votlendi | 8983 | | | |
| | 29527 | 7239 | | |

Skógræktarland.
Áætlað utan kortblaðs 1 og kortblað 1.

| | | Áætl. úrtök | Áætl. úrt. ha. | |
|---|---|---|---|---|
| Frjósamt mólendi og graslendi | 2848 | 15 | 413 | 2435 |
| Hrísmói | 4211 | 15 | 611 | 3600 |
| Rýrt mólendi | 6216 | 15 | 901 | 5314 |
| Jaðar | 1092 | 15 | 158 | 933 |
